

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hrl., kr. 450.00. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1948.

Nr. 154/1948. Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Ingólfi Finnbjörnssyni og gagnsök

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Undanþága frá greiðslu tekjuskatts. Sératkvæði.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, útg. 23. nóvember þ. á., og gert þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak. Svo og, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, er áfrýjað hefur málinu með gagnáfrýjunarstefnu, útg. 26. nóvember þ. á., hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til, þó þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Þegar litið er til þess, sem upplýst er um aðdragandann að setningu laga nr. 61/1939 svo og til orðalags 1. gr. laganna, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi átt rétt á undanþágu frá því að greiða tekjuskatt af hálfri stríðsáhættuþóknun þeirri, er hann hafði unnið fyrir fram til þess

tíma, er lög nr. 128/1947 tóku gildi. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hrd.

Í 1. gr. laga nr. 61/1939 er svo kveðið á, að undanþága sú frá skattagreiðslu, sem greind er í 2. gr. laganna, taki til þeirrar *stríðsáhættuþóknunar*, sem greidd yrði samkvæmt þar til greindum samningum milli útgerðarmanna og skipafélaga annars vegar og félaga sjómanna hins vegar. Bæði orð laga þessara, tilefni þeirra og aðdragandi veita óyggjandi visbendingu um það, að skattaundanþága þeirra var einungis við það miðuð, að styrjöld geisaði og að hætta af henni vofði yfir sjómönnum á höfum úti. Sjómenn þeir, sem samningar tóku til og í siglingum voru meðan styrjöldin geisaði og lögin voru í gildi, nutu því undanþágu frá því að greiða skatt og útsvar af hálfri stríðsáhættuþóknun þeirri, sem þeir fengu fyrir þann hættulega starfa, og verður að telja, að sá réttur þeirra hafi verið varinn af 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Allt öðru máli gegnir um kaup eða þóknun fyrir störf sjómanna, þau sem innt eru af hendi, eftir að styrjöld er lokið. Hér er ekki um raunverulega stríðsáhættuþóknun að tefla, enda eru lög nr. 61/1939 undantekningarlög, sem miðuð eru við tiltekið ástand, hina geisandi styrjöld, og þegar það ástand var ekki lengur fyrir hendi, voru forsendur laganna og grundvöllur undir lok liðin. Var og af hendi sjómanna á farmannaflotanum samið 1946 og 1947 fyrst um lækkun og síðan um niðurfellingu áhættuþóknunar og um fastakaup í hennar stað. Verður ekki talið, að handhafar ríkisvalds hafi sammingslega bundið ríkið til að láta skattaundanþágu sjómanna haldast eftir styrjaldarlok, er hætta af sjálfri styrjöldinni var um garð gengin. Almenna lög-

gjafarvaldið hafði því jafn frjálsar hendur til að breyta skattalögum, að því er varðar kaup sjómanna eftir styrjaldarlok, eins og að því er varðar þóknun eða kaup fyrir hver önnur störf, enda sé ekki hlutur sjómanna gerður verri en annarra skattþegna í landinu. Hefur það og verið tíðkað af löggjafa og skattyfirvöldum alla tíð frá því að lög nr. 2/1923 voru sett og fram á þenna dag, enda heimilt samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar og staðfest af dómstólum, að láta breytingu á skattalögum, sem staðfest hafa verið í lok skattárs eða á álagningarári, áður en skattskrá er lögð fram, gilda um tekjur undanfarins skattárs. Með 14. gr. laga nr. 128/1947 er undanþága sú frá greiðslu skatts og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, úr lögum numin. Þetta þýðir það eitt, að skattar og útsvör skyldu eftir gildistöku laganna þann 1. janúar 1948 lagðar á allar tekjur sjómanna, m. a. þær, er þeir öfluðu 1947, með sama hætti og á aðra skattþegna. Hefur verið í ljós leitt, að þetta var tilgangur ríkisstjórnar, sem samdi frumvarp að lögnum, svo og löggjafans. Er og þessi meðferð í samræmi við venju löggjafans, þá sem áður var lýst, og heimil samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar, en brýtur hvorki í bága við 67. gr. eða önnur ákvæði hennar. Það er því ekki á valdi dómstóla, heldur löggjafans eins, að fella 14. gr. laga nr. 128/1947 úr gildi að þessu leyti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ætti rétt dómSORð að hljóða svo:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og er lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er. Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. nóvember 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram á umdeildum hluta af þinggjaldi Ingólfs Finnbjörnssonar loftskýtamanns, til heimilis í Drápublíð 4, hér í bænum, að upphæð kr. 5563.00.

Gerðarþoli Ingólfur Finnbjörnsson hefur mótmælt framgangi lögtaksins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarþola var gert að greiða til ríkissjóðs á árinu 1948 kr. 6107.00 í tekjuskatt, kr. 2526.00 í tekjuskattsviðauka og kr. 516.00 í stríðsgróðaskatt eða samtals kr. 9149.00. Skatta þessa telur hann eiga að vera allmiklu lægri eða samtals kr. 3586.00, sem sundurliðast þannig: Tekjuskattur kr. 2835.00, tekjuskattsviðauki kr. 720.00 og stríðsgróðaskattur kr. 31.00.

Ágreiningur þessi stafar af því, að gerðarþoli telur nokkurn hluta tekna sinna á árinu skattfrjálsan. Hann er, eins og áður segir, loftskeytamaður að atvinnu og stundaði á árinu 1947 siglingar á botnvörpuskipum. Vann hann samkvæmt samningi milli stéttarfélags síns, Félags ísl. loftskeytamanna, og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Samningur þessi er að stofni gerður 13. okt. 1939, en þá var svo ástætt, að heimsstyrjöldin síðari hafði skolið á í næsta mánuði á undan.

Loftskeytamenn, sem og aðrir sjómenn, báru nokkurn ugg í brjósti vegna vaxandi hættu fyrir sjófarendur af styrjaldarástæðum og gerðu því kröfur um allmikla áhættuþóknun, er unnið var að samningum þessum. Virðist hafa verið nokkrum erfiðleikum bundið að ná samkomulagi milli samningsaðilja, útgerðarmanna og sjómanna. Þetta leiddi til þess, að ríkisstjórn Íslands hafði nokkur afskipti af samningsgerðinni. Er það ágreiningslaust, að hún hafi a. m. k. gefið fyrirheit um að leggja til við Alþingi, að loftskeytamenn sem og aðrir sjómenn, sem áttu í samningum um sama leyti, nytu þeirra hlunninda, að skattur og útsvar yrði ekki lagt á 50% áhættuþóknunar þeirrar, sem samkomulag varð um milli þeirra og útgerðarmanna. Annars kemur aðiljum máls þessa ekki saman um, hvað hafi falizt í þessu loforði eða fyrirheiti ríkisstjórnarinnar.

Þetta sama haust lagði fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis frumvarp að lögum fyrir þingið eftir beiðni fjármálaráðherra, þar sem lagt var til, að 50% áhættuþóknunar sjómanna skyldi vera undanþegin tekjuskatti og útsvari. Er í greinargerð frumvarpsins m. a. sagt, að ríkisstjórnin hafi verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að hún gæfi fyrirheit um að fara þess á leit við Alþingi, að helmingur af umsaminni áhættuþóknun yrði skattfrjáls, til þess að samningar milli sjómanna og útgerðarmanna mættu takast. Frumvarp þetta náði samþykki Alþingis sem lög nr. 61 30. des 1939, og hafa þau verið í gildi, þar til þau voru afnumin með lögum nr. 128 29. des. 1947.

Samkvæmt hinum síðarnefndu lögum ákvað skattstjórinn í Reykjavík skatta gerðarþola, svo og annarra sjómanna, sem eins stóð á um, af tekjum ársins 1947 og lagði þá á allar tekjurnar án tillits til þess, hvort um var að ræða áhættuþóknun eða aðrar tekjur. Við þessa framkvæmd á lögum vill gerðarþoli ekki una og neitaði því að greiða skatt af þeim hluta teknanna, er nemur áðurnefndum 50% áhættuþóknunarinnar. Mótmæli sín byggir hann einkum á eftirgreindum ástæðum. Hann telur að ríkisstjórnin hafi í raun

og veru gerzt aðili að samningum sjómanna og útgerðarmanna, þ. á m. loftskeytamanna. Hún hafi, er sýnt var að samningar mundu ekki takast, boðizt til að sjá um, að þessi ákveðni hluti áhættuþóknunarinnar yrði skatt- og útsvarsfrjáls. Þessi friðindi hafi komið fram sem veruleg launahækkun til sjómanna, sem ollu því, að þeir fengu að samningum, enda hafi engu skipt fyrir þá, í hvaða formi þeir fengju kröfur sínar uppfylltar eða frá hvaða aðilja launauppbót sú kom, sem þeir börðust fyrir; aðalatriðið var að fá hana tryggða í samning sinn, enda sé og skýrt tekið fram, að loforð ríkisstjórnarinnar sé grundvöllur þeirra. Skattfriðindin hafi samkvæmt þessu orðið hluti af kjarasamningnum, sem að sjálfsögðu sé háður uppsagnarákvæðum hans, svo sem samningurinn í heild. Hann telur og að í þessu loforði ríkisstjórnarinnar hafi falizt, að við skattaákvörðun á tekjur sjómanna tiltekið ár, er stöfuðu frá áhættuþóknun, skyldu þessi skattfriðindi tekin til greina Þetta hljóti svo að vera, með því að skattar séu jafnan lagðir á tekjur manna árið eftir að þeirra sé aflað. Geti því ekki komið til eftirgjafar á sköttum fyrr en þá. Af þessum sökum telur hann hafa verið gersamlega óheimilt að láta lög nr. 128/1947 verka aftur fyrir sig, eins og gert hafi verið. Sjómenn hafi efnt sinn hluta kjarasamningsins með því að vinna að sjávarútveginum allt árið 1947, treystandi því, að staðið væri við þau kjör, sem um hafði verið samið.

Gerðarbeiðandi mótmælir því ákveðið, að ríkisstjórnin hafi gefið nokkurt loforð í sambandi við umrædda samninga, annað en það, að hún hafi gefið fyrirheit um að leggja til við Alþingi, að nefnd skattfriðindi yrðu veitt sjómönnum með lögum. Þetta hafi hún efnt með því að koma frumvarpi um þetta efni á framfæri á Alþingi. Hann mótmælir og að ríkisstjórnin hafi með þessum afskiptum sínum átt nokkra aðild að samningi útgerðarmanna og loftskeytamanna.

Þá heldur hann því fram, að lög nr. 128/1947 hafi að sjálfsögðu átt að taka til ákvörðunar á sköttum sjómanna á tekjur þeirra, er þeir öfluðu árið 1947, og telur það fasta venju að láta ný skattalög taka til skatta á tekjur næsta árs á undan, svo framarlega sem þau hafi verið sett það tímanlega, að álagningu sé ekki lokið.

Það er fram komið í máli þessu, að haustið 1939 hafi ríkisstjórn Íslands með afskiptum sínum af vinnudeilum milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og stéttarféлага sjómanna, þ. á m. Félags ísl. loftskeytamanna, stuðlað að samkomulagi þessara aðilja með því að lofa að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um það, að helmingur af umsaminni stríðsáhættuþóknun skipverja yrði undanþeginn álagningu skatts og útsvars. Frumvarp til laga um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun var því næst að tilhlutun ríkisstjórnarinnar lagt fyrir Alþingi, og fóru ákvæði frumvarpsins í þá átt, sem að ofan greinir. Var frumvarp þetta samþykkt af Alþingi og staðfest sem lög nr. 61 frá 30. des. 1939.

Þótt eigi verði talið, að ríkisstjórn Íslands eða Alþingi hafi gerzt

formlegur aðili að samningum útgerðarmanna og sjómanna, þá verður að telja, að hið nána samband milli samninganna og laga þessara hafi gefið sjómönnum sérstaka ástæðu til að ætla, að þessi réttindi yrðu ekki af þeim tekin fyrirvaralaust eða að óbreyttri hættu vegna styrjaldarinnar. Enda kom það fram, að það var fyrst síðast á árinu 1947, að Alþingi felldi niður þetta skattfrelsi sjómanna, og er þá styrjöldinni löngu lokið og áhætta við siglingar af styrjaldarástæðum að mestu liðin hjá. Verður því eigi annað séð, en að grundvöllurinn fyrir setningu laga nr. 61 frá 30. des. 1939 hafi verið niðurfalinn löngu áður en þau lög voru numin úr gildi með 14. gr. laga nr. 128 frá 29. des. 1947 um dýrtiðarráðstafanir.

Í áminnstum lögum eru engin ákvæði um það, að skattfrelsi sjómanna af helmingi áhættuþóknunar fyrir árið 1947 sé felld niður. Í lögnum segir aðeins í 50. gr., að lögin öðlist gildi 1. janúar 1948. Í skattalögum frá 1921, svo og núgildandi skattalögum nr. 6, frá 9. jan. 1935, ásamt síðari breytingum, er ætíð fram tekið, þegar um nýjar skattalögur er að ræða eða skatthækkanir, við hvaða tímabil eigi að miða skattútreikninginn, þegar ætlazt er til að lögin verki aftur fyrir sig.

Í lögum nr. 128 frá 29. des. 1947 eru ákvæði í 2. kafla um eignaukaskatt. Er sú skattálagning samkvæmt ákvæðum laganna látin ná til þess eignauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. des. 1947, og skal sá skattur lagður á á árinu 1948. Engin tilsvarendi ákvæði eru í lögnum um skattskyldu sjómanna af áhættuþóknun, sem þeim er greidd á árinu 1947, eða áður en lögin gengu í gildi. Verður því að telja, að skattfrelsi þeirra af 50% áhættuþóknun samkvæmt lögum nr. 61 frá 30. desember 1939 nái og til ársins 1947, eða þar til að lög nr. 128 frá 29. des. 1947 fengu gildi, en það var, eins og fyrr er fram tekið, 1. jan. 1948.

Samkvæmt þessu verður að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki fara fram.
Málskostnaður falli niður.